

Reykjavík 2 júní 2009.

Stjórnarfundur í Skógræktarfélagi Reykjavíkur var haldinn 13 maí

Sælt veri fólkið.

Kom þar til umræðu ályktanir okkar frá aðalfundinum.

Þróstur fræddi stjórnina um heimsókn okkar til hans með tillögu að leigusamningi. Reyfaði hann það sem við höfðum tjáð honum um framgang mála og stöðuna núna. Lýsti ég vandamálum þeim er við stöndum frammi fyrir, varðandi þinglýsingar og stöðu þeirra sem hyggja á byggingar mannvirkja ofl. Nú þegar ný ríkisstjórn er tekin við og nýr ráðherra komin í Landbúnaðarráðuneytið ætlar hann að ná tali af ráðherra og ræða um vandamál þau er að okkur snúa. Hann og allir stjórnarmenn mjög viljugir að leysa þetta mál endanlega og á farsælan hátt fyrir okkur.

Þá var rætt um leigumál og voru stjórnarmenn sammála um að leigugjald væri orðið allt of hátt. Samningar okkar hljóðuðu upp á þessa leið þ.e. vísitölubindingu og væri ástandið í peningamálum þjóðarinnar núna undarlegt. Rætt um hvernig hægt væri að koma til móts við okkur og að létta okkur þessa greiðslu. Samþykkt að láta hluta af leigugjaldi þessa árs ganga upp í leigu næsta árs. Leigugjaldið á síðasta ári var um 45.000.-kr, og hækkaði í 58.000-kr í ár vegna vísitöluákvæðisins. Leigugjaldið verður því núna 50.000-kr + 8.000-kr fara upp í leigu næsta árs. Rætt um að áður en leiga næsta árs verður ákveðin þurfi að skoða endurnýjun. Ástand núna sérstakt, ekki vitað hvernig mál þróast. Skildist að S.R sendi félagsmönnum bréf með þessum breytingum.

Helgi upplýsti að Sigurjón í Pétursey hefur hafið vinnu við girðingar og vegi fyrir austan. Við eigum að vera dugleg að eyða okkar fé og ýta á það sem þarf að framkvæma.

Kv Hjalti

.